

Náms- og kynnisferð



Danmörk haustið 2005



Efnisyfirlit:

Inngangur:	3
Valby Börneasyl / Valby	5
Dosseringens Vuggestue	8
Börnehaven Prinsesshöj / Virum	12
Skovbørnehave Mariehönen / Virum	17
Dyreskov Skovbørnehave	19
Brede Børnehave	23
Lokaorð:	27

Inngangur

Dagana 25. til 28. ágúst 2005 fóru 26 starfsmenn (af 27) af leikskólanum Norðurbergi í náms- og kynnisferð til Danmerkur. Markmið ferðarinnar var að kynna sér umhverfismennt í þeim leikskólum sem voru heimsóttir og þá sérstaklega í leikskólum sem vinna markvisst með börnin úti í skógi eða fara með þau á önnur falleg opin náttúrusvæði. Sumir fóru alla daga vikunnar út í skóg meðan aðrir fóru tvo daga í viku.

Undirbúningur ferðarinnar hófst í ágúst 2004 þegar búið var að kjósa í ferðanefnd leikskólans (undirritaðar) sem hafði það verkefni að koma af stað og skipuleggja fjáröflun, sækja um styrki og halda utan um fjármálin, finna leikskóla sem uppfylltu þau skilyrði að vinna sérstaklega með barnið og náttúruna og vera í sambandi við þá. Ekki síst þurfti að skipuleggja dagskrá fyrir ferðina og gefa hana út (sjá fylgiskjal). Þetta var mikil vinna en gríðarlega ánægjuleg. Allur veturinn fór í að hugsa um Danmörk og væntanlegt ferðalag. Við minntum okkur reglulega á landið, t.d. vorum við með danskt jólahlaðborð fyrir jólastund starfsmanna og skreyttum húsið í dönsku fánalitunum. Ekki má gleyma öllum þeim kvöldum sem við eyddum saman í jólakortagerð, ástarpungabakstur, bakstri á jólakryddbrauði og fleira sem við nýttum í fjáröflun. Það má með sanni segja að þessi undirbúningur fyrir ferðina hafi þjappaði hópnunum vel saman og styrkt vinasambandið á milli okkar vinnufélaganna og virðinguna hvort fyrir öðru.

Við viljum þakka foreldrum í leikskólanum, bæjaryfirvöldum, Umhverfisráðuneytinu, Menntamálaráðuneytinu, bæjarbúum, Símenntunarsjóði, ýmsum fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu og Félagi leikskólakennara fyrir sýndan áhuga, jákvæðar undirtektir og veittan stuðning.

Hafnarfjörður, 1. desember 2005

Fyrir hönd starfsmanna leikskólans,

Anna Borg Harðardóttir
Leikskólastjóri

Fríða Ragnarsdóttir
Grunnskólakennari

Día Björk Birgisdóttir
Leiðbeinandi

Katrín Guðbjartsdóttir
Leikskólakennari

Valby Börneasyll / Valby

Leikskólinn Valby Börneasyll var stofnaður 1842 af heldri borgurum í Valby til hjálpar fátækum og útvinnandi foreldrum. Á þessum tíma voru það helst börn starfsmanna í Carlsberg-bjórverksmiðjunum sem höfðu börnin í gæslu á vinnutíma. Þá



voru tvær konur sem sáu um hundrað börn og má geta sér til um það að dagarnir hafi ekki verið auðveldir fyrir þessa starfsmenn og hvað þá börnin.

Leikskólinn hefur starfað óslitið síðan 1842 en það er mikill munur á allri starfsemi í dag en þá eins og gefur að skilja. Í dag eru 34 börn í leikskólanum, þar af eru 12 börn eins til þriggja ára og 22 börn þriggja til sex ára. Leikskólinn er einkarekinn en fær fjárstuðning frá sveitarfélaginu, sömu upphæð og almennir leikskólar fá fyrir hvert barn.

Húsið er gamalt og lúið og á tveimur hæðum. Því er greinilega illa viðhaldið



og ekki mikið um fjárveitingar til að lappa upp á húsnæðið. Aðal leikstofurnar eru á neðri hæðinni. Eldhús, skrifstofur, borðstofa og kaffistofa (reykherbergi!) eru á efri hæðinni. Lítil garður er við húsið, illa hirtur og með bundið slitlag. Í garðinum miðjum er afskaplega

stórt og fallett kastaníutré, algjört augnayndi. Leikskólastjórinn tjáði okkur að það ætti að taka lóðina í gegn á næsta ári.

Það eru tvær deildir í leikskólanum, önnur fyrir yngri börnin og hin fyrir þau eldri. Fjórir starfsmenn eru með eldri hópinn, 22 börn, og þrír starfsmenn eru með 12 lítil börn. Stuðningsfulltrúi er í barnahópnum þar sem þörfin er. Það er algengt í Valby að börn og fjölskyldur þeirra þurfi aðstoð í sínu daglega lífi. Mikið er um fjölskyldur af erlendum uppruna sem hafa aðlagast samfélaginu misvel. Starfsfólk er í mismunandi miklu starfshlutfalli en hver og einn hefur sinn fasta vinnutíma. Það eru fimm leikskólakennarar (leikskólastjóri talinn með), tveir almennir starfsmenn og einn matráður. Flestir starfsmenn vinna 34 tíma á viku og fær leikskólakennari um 22 þúsund danskar krónur í mánaðarlaun eða um 242 þúsund í íslenskum krónum talið. Starfsmannafundir eru þriðju hverju viku og hefur leikskólinn leyfi til að loka skólanum í 10 daga á ári. Þar af eru þrír skipulagsdagar og lokar leikskólinn frá 24. desember til 1. janúar og einnig er lokað í þrjá daga fyrir páska. Leikskólinn er með opið yfir sumarið.

Leikskólinn hefur aðgang að sálfræðingum, talmeinafræðingum og heilsufarsráðgjafa sem allir starfa á vegum sveitafélagsins.

Dagskipulag:

- Leikskólinn opnar 6:45 og lokar 17:00, nema á föstudögum, þá lokar leikskólinn kl. 16:00.
- Morgunmatur er í boði hússins á efri hæðinni og stendur hann til kl. 8:00. Foreldrum er boðið upp á kaffisopa áður en þeir halda til vinnu. Eftir morgunmatinn er farið í leikstofur á neðri hæðinni.
- Leikur er fyrir hádegi og koma síðustu börnin í hús um 9:30 og er þá oftast farið út í skipulagðar ferðir eða leiki úti í garði. Eldri börnin fara oft í ferðir á bóndabýli í nálægð við leikskólann og eru þar innan um dýrin og úti í náttúrunni.
- Hádegismatur er kl. 11:00 fyrir yngstu börnin og í boði hússins en eldri börnin borða síðar og eru með nesti að heiman.

- Nónhressing er í boði hússins milli 14:00 og 15:00. Þá er boðið upp á brauð, drykk og ávexti. Eftir nónhressingu er sungið saman og lesið fyrir börnin. Flest börnin fara heim upp úr 16:00.

Foreldrasamstarf er mjög virkt. Það er foreldraráð í leikskólanum sem samanstendur af þremur foreldrum og tveimur starfsmönnum. Foreldrar sitja að lágmarki tvö ár í senn. Ráðið hittist fjórum sinnum á ári og fer yfir innra starf leikskólans og ráðstafar fjármunum. Það eru foreldrasamtöl einu sinni á ári og ef eitthvað kemur upp á er foreldri kallað í sérstakt samtal og því síðan fylgt eftir eins og þörf krefur. Það er einn foreldrafundur á ári þar sem farið er í gegnum ársáætlun og áherslur leikskólans í menntun barnanna.



Leikskólinn leggur mesta áherslu á leikinn úti sem inni. Í gegnum leikinn þroskast börnin í almennum þroska. Starfsfólk leggur áherslu á vináttuna, félagsfærnina, sjálfshjálpinu, sjálfstæði barnanna og virðinguna fyrir hvort öðru. Unnin eru nokkur sérstök verkefni með börnunum yfir árið. Börnin fara öll út í skóg, í dýragarð eða á bóndabýli að lágmarki einu sinni í viku.

Niðurlag:

Það var yndislegt að koma í leikskólann, vel tekið á móti okkur og boðið upp á veitingar eftir skoðun og umræður. Starfsfólkið var ljúft í viðmóti og var notalegt að koma inn á deildirnar. Það var greinilegt að sjá á þeim foreldrum sem við mættum að þeir þekktu starfsfólkið vel og gáfu sér tíma fyrir létt spjall um leið og þeir sóttu börnin. Í lokin afhentum við leikskólanum bækur, Dimmalimm og bók um Hafnarfjörð í máli og myndum og þökkuðum hlýjar viðtökur.

Dosseringens Vuggestue

Dosseringens Vuggestue var stofnuð 1938 af velstæðum konum, sem höfðu ítök hér og þar í Kaupmannahöfn. Keyptu þær stórt íbúðarhús sem stóð við Peblinge Dossering við Peblinge síki (Sø), og voru það börn útvinnandi einstæðra mæðra sem fengu þar inni. Kostaði dvölin á leikskólanum eina danska krónu á dag á þessum tíma.



Leikskólinn hefur starfað óslitið síðan 1938. Í kringum 1960 var húsnæðið orðið of lítið og illa farið og var ákveðið að byggja nýtt á lóðinni. Byggt var 5 hæða hús sem svaraði þörfinni á leikskólaplássum. Til að fá fasta innkomu inn í reksturinn var fjórða hæðin leigð út sem íbúðir. Í leikskólanum er pláss fyrir 84 börn á aldrinum 0-3 ára. Fjórir leikskólastjórar hafa starfað við skólann frá upphafi. Leikskólinn er sjálfseignarstofnun þar sem þrír styrktaraðilar standa að honum. Sömuleiðis fær hann styrk frá borginni.

Húsið er orðið 40 ára gamalt og er á fjórum hæðum, eins og áður sagði, og kjallari undir. Á jarðhæðinni eru þvottahús, vagnageymsla og útileiksvæði. Á fyrstu hæð eru fjórar deildir, á annarri hæð eru þrjár deildir og á 3. hæð eru skrifstofa, eldhús, kaffistofa starfsmanna og tvö herbergi fyrir börnin. Annað



er hreyfiherbergi fyrir grófhreyfingar, stórt gólfpláss með speglum, trampólíni, körfuboltaspjaldi, o.fl. Hitt er herbergi sem örvar skynfærin, þar inni eru dýnur og púðar, gardínur, lítið boltaland og skápur með hólfum sem hægt var að opna og loka. Á efstu hæðinni eru íbúðir sem eru leigðar út.

Í kjallara sem nýttist bæði leikskólanum og íbúunum er smíða- og listaherbergi, sullusvæði og geymsla fyrir hjól og vagna. Útisvæðið er ekki stórt en með sandi og smá gróðri, í næsta nágrenni eru almenningsgarðar sem mikið eru heimsóttir.

Á hverri deild eru 12 börn og fjórir starfsmenn, tveir leikskólakennarar og tveir ófaglærðir. Tveir starfsmenn eru í eldhúsi í einu og hálfu stöðugildi. Leikskólakennarar eru 15 með leikskólastjóra. Samtals eru 29 stöðugildi í leikskólanum. Leikskólakennari fær um 22 þúsund danskar krónur í laun eða um 242 þúsund íslenskar krónur. Leikskólinn lokar 10 daga á ári, þrjú starfsdagar eru yfir árið, lokað er milli jóla og nýárs, en opið yfir sumarið.

Sú skemmtilega hefð hefur skapast síðan 1954 að börnin frá leikskólanum hafa opnað Tívolí, bæði á vorin og fyrir jólin. Farið er með elstu börnin í skrúðgöngu í rauðum Tívolíjökkum (sérstaklega saumuð fyrir þessi tækifæri), þau opna Tívolíið og fyrir ómakið fá þau að fara í ýmis tæki.

Dagskipulag:

- Kl: 6:15 Opnar leikskólinn. Tekið er á móti börnum á 2. hæð.
- Kl: 7:30 Börnin fara á sínar hæðir, borða morgunmat og leika sér.
- Kl: 8:00 Tveir starfsmenn eru mættir á hverja deild og fara börnin á sína deild og síðustu börnin skila sér í hús. Starfsfólk skiptist á að fara í kaffitíma.
- Kl: 9:15 Samverustund og börnin fá ávexti og drykk.
- K: 9:30 Skipulagt starf byrjar, svo sem ferðir út fyrir leikskólann, fingramálning, hreyfileikir, vatnsleikir, leikir á deildum og úti í garði.
- Kl: 11:00 Hádegismatur í boði leikskólans nokkra daga á ári og 3 vikur á sumri þurfa börnin að koma með matarpakka. Lífrænt ræktaður matur er í boði þegar hægt er.
- Kl: 12:00 Flest börnin eru í hvíld til kl: 14:00. Börnin sofa í trévögnum úti á svölum og niðri í afgirtum garði þar

til þau eru um tveggja ára en þá flytjast þau inn. Þau börn sem sváfu um morguninn fá hádegismat og leika sér.

- Frá 14:00 – 16:00 leika börnin á deildunum eða úti á leiksvæðinu. Á sumrin er nónhressing kl: 14:00 en seinna yfir vetratímam. Mörg barnanna eru sótt fyrir kl. 16:00 og gefst þá góður tími fyrir foreldra að tala við starfsfólkið um hvernig dagurinn hafi gengið fyrir sig.
- Milli kl. 16:00 – 17:00 leika börnin sér og “hygge sig” á deildunum, þá er boðið upp á ávexti og drykk. Síðustu börnin eru sótt og starfsfólk gengur frá deildinni eftir daginn.

Stjórn leikskólans samanstendur af fjórum fulltrúum foreldra með atkvæðisrétt og þrír varamenn. Í stjórn fyrir starfsmenn situr leikskólastjóri ásamt einum starfsmanni til viðbótar án atkvæðisréttar. Stjórn leikskólans ákveður í samráði við starfsfólk meginstefnu leikskólans í fjármálum, rekstri, starfsmannamálum, uppeldisfræðum og starfsemi.



Foreldrasamstarf er gott í leikskólanum, fyrir utan stjórn, og eru foreldrar hvattir til að gefa sér góðan tíma þegar þeir sækja börnin til að spjalla um hvernig dagurinn gekk fyrir sig. Tvisvar á ári eru foreldrafundir og þeir notaðir undir fræðslu og kynningu. Einnig hittast foreldrar og starfsfólk og skipuleggja samkomur, skógaferðir og foreldrakaffi. Einu sinni á ári hittast foreldrar og starfsmenn og skemmta sér án barna.

Áhersla er lögð á að skapa umhverfi í leikskólanum sem einkennist af öryggi, hlýju og trausti. Áhersla er lögð á að starfsfólk hafi hlýtt viðmót, beri virðingu og umhyggju hvor fyrir öðrum og ekki síst fyrir börnunum. Áhersla er lögð á tilfinningar og almennan þroska barna. Leikskólinn leggur mikla áherslu á

leikinn, bæði úti og inni. Mikið er um að farið sé út fyrir leikskólann í ýmsar ferðir, í almenningsgarða í nágrenninu, til bakarans að fá gamalt brauð handa öndunum, kaupa grænmeti, o.fl.



Leikskólinn á ýmis farartæki svo sem vagna sem taka fjögur börn, hjól með kassa framan á fyrir fjögur börn (Kristjáníuhjól) og kerrur. Frábær tæki!

Niðurlag

Það var mjög áhugavert að sjá leikskóla inni í miðri stórborg. Vel var tekið á móti okkur og gátum við skoðað allan skólann og á eftir voru umræður og boðið upp á veitingar. Það sem okkur fannst frábærast var öll sú rólegheit (hygge sig) sem lá yfir skólanum. Alls staðar voru börn að leik, starfsfólkið á gólfinu með þeim, allt dót aðgengilegt, í opnum lágum hillum og vel sýnilegt.

Börnehaven Prinsessehøj / Virum

Frá 1938 var einkarekinn leikskóli staðsettur á þeim stað sem Prinsessehøj eru nú í dag. 1968 tók sveitarfélagið Virum við leikskólanum og á þeim tíma voru 30 börn í leikskólanum. 1971 var leikskólinn byggður í núverandi mynd og hét þá Virum-Sorgenfri menighedsbörnehave. Árið 1997 var ákveðið að finna nýtt nafn á leikskólann og varð Börnehave Prinsessehøj fyrir valinu.



Það var yndislegt að koma að leikskólanum í velgrónu einbýlishúsahverfi, við hlið kirkju og mjög nálægt fallegu náttúrusvæði, skógi og vatni, Lyngby Sø. Það var komið inn í lítinn garð umvafinn alls konar gróðri, trjám, tunnum, blómum og kryddjurtum. Við innganginn inn í húsið stóð þessi líka myndarlega “prinsessa” úr pappamassa. Hún var í bláum kjól og auðvitað var hún með kórónu á höfði!



Húsið er notalegt timburhús á einni hæð. Garður er allt í kring og er hann skemmtilegur og fallegur. Mikill trjágróður er á lóðinni með gömlum trjám sem börnin klifra í og horfa á heiminn ofan frá. Það er mikið um gróður af öllum gerðum, kofar, hjól, sandur og margt fleira sem gerir garðinn spennandi fyrir leiki og ekki síst hlutverkaleiki hjá börnunum.

Það eru tvær deildir í leikskólanum, Radiserne og Tigerdyrene og 42 börn á aldrinum 3-6 ára. Barnahópurinn hefur yngst töluvert á milli ára úr 4-6 ára yfir í 3-6 ára og oft á tíðum koma börn í dag á bleiu. Elstu börnin eru í hóp sem heitir Skógartröll og fara þau út í skóg fjórum sinnum í viku en eru heima alla föstudaga. Það eru níu starfsmenn í leikskólanum, leikskólastjóri sem hefur vinnuskyldu í barnahópnum, fjórir

leikskólakennarar, tveir leiðbeinendur, einn stuðningsfulltrúi og nemi. Starfsmenn vinna frá 30 tímum og upp í 37 tíma á viku sem reiknast sem full vinna í Danmörku.

Dagskipulag:

- Kl: 7:00 Opnar leikskólinn og tekið er á móti börnunum í miðrymi hússins þar sem er morgunverðarborð og eldhúskrókur. Tveir starfsmenn mæta þá í hús, kveikja ljós, oft kertaljós, setja blóm í vasa og undirbúa morgunmat. Börnin fá yfirleitt korn, mjólk og te. Foreldrum er boðið upp á kaffibolla áður en þeir halda til vinnu.
- Kl: 8:00 Deildir opna og eru þá flestir starfsmenn komnir í hús. Frjáls leikur í húsinu.
- Kl: 9:00 Skógartröll fara af stað í útivist.
- Kl: 10:00 Samverustund fyrir börnin sem eftir eru.
- Kl: 11:00 Hádegismatur, börnin koma með nesti að heiman og hjálpast þau öll við að undirbúa matartímann. Létt umræða við matarborðið sem börnin stýra.
- Eftir matinn er farið út eða lesið inni. Allt að sex börn fá að vera úti án eftirlits fullorðinna. Flest börnin fara út nema þau sem þurfa að sofa en eftir svefn fara þau líka út. Í útiverunni taka starfsmenn sér hálf tíma kaffihlé.
- Kl: 13:30-14:00 Skógartröllin koma heim.
- Kl: 14:00 Samvera og þá er boðið upp á ávexti, rúgbrauð og mjólk. Foreldrar leggja til ávextina.
- Útivera eftir samverustund. Börnin eru sótt á milli 15:00-17:00. Starfsfólk ræðir við foreldra og skrifar í dagbók fyrir hvern dag.
- Kl: 17:00 Leikskólinn lokar, nema föstudaga, þá lokar hann 16:00.

Leikskólinn vinnur markvisst með fjölgreindir Howard Gardners:

- Tilfinningagreind
- Félagsgreind
- Málgreind
- Rýmisgreind
- Stærðfræðigreind
- Tónlistargreind
- Hreyfigreind



Það eru unnið mikið með börnin úti í náttúrunni. Elstu börnin fara út í skóg fjóra daga vikunnar og kallast hópurinn Skógartröll. Markmið leikskólans með útivistinni er að fara út í náttúruna og upplifa, njóta og skynja. Þau leyfa börnunum að klifra, vekja athygli á því sem fyrir augum ber, heyra í fuglunum, finna fyrir rigningunni, o.fl. Kennarinn verður að vera duglegur að hlusta á börnin, svara spurningum þeirra og afla sér lágmarks þekkingar á nánasta umhverfi og því lífríki sem þar er. Kennarinn á jafnframt að nota bækur með börnunum til að leita svara, t.d. hvaða skordýr er þetta, hvaða trjátegund er þetta, o.fl. Vera viðbúið “Ara-spurningum” eins og: Af hverju er sólin heit? Af hverju er músin dauð?

Skógartröllin læra mikið á ferðum sínum um náttúruna eins og um eldinn, vatnið, jörðina og loftið. Þau fá að tálga, smakka á berjum sem eru ætileg, lykta, hvað er undir steini, hvað er tréð gamalt, búa til ævintýri um álfa, tröll og aðrar kynjaverur. Þau læra ekki síður að klæða sig eftir veðri, læra um gróður og dýralíf og veðurfar. Þau styrkjast líkamlega við göngur í mismunandi undirlagi og við klifur. Þau upplifa hljóðin í kringum sig, heyra þytinn í trjánnum, hlusta eftir dýrahljóðum, o.fl.

Það má geta þess að í leikskólanum var áberandi hvað unnið var mikið með efnivið úr náttúrunni. Einng var glerskápur í skólanum þar sem í voru uppstoppuð dýr sem börnin höfðu fundið á ferðum sínum eða fjölskyldur þeirra. Skjaldbaka var í leikskólanum, börnunum til mikillar ánægju.

Leikskólinn vinnur með mismunandi þema á hverju ári. Það getur verið hreyfing, röntgentækni, fjársjóðsleit, töfrar, o.fl. Í tengslum við þemað er leitað eftir fagfólki sem kemur og vinnur með leikskólanum í ákveðinn tíma, s.s. leikfimikennari, röntgentæknir, töframaður, o.fl. Í haust á að vinna með nudd og verður nuddari fenginn á staðinn til aðstoðar.

Leikskólinn heldur í gamlar og góðar hefðir sem hann hefur skapað sér í gegnum tíðina. Það er haldið upp á jólin á hefðbundinn hátt, sama má segja um páska og öskudaginn. Á jólnum skaffa foreldrar mat á jólahlaðborðið. Afi og amma koma í desember á síldarhlaðborð og drekka öl. Það er alltaf sumarhátíð í garðinum og kveðjuhátíð þegar elstu börnin hætta. Að lokum má geta þess að leikskólinn heldur upp á n.k. ljósahátíð.

Niðurlag:

Það var alveg dásamlegt að koma í leikskólann. Fallett umhverfi og sérlega vel tekið á móti okkur af leikskólastjóranum Ullu og aðstoðarleikskólastjóra, Karen. Það geislaði af þeim báðum gleðin og stoltið yfir leikskólanum og þeirri vinnu sem þar er unnin. Við skoðuðum leikskólann fyrst og því næst var okkur boðið upp á morgunverðarhlaðborð. Á meðan við gæddum okkur á dönsku brauði og áleggi þá sögðu þær Ulla og Karen okkur frá leikskólanum og starfsemi hans. Síðan teygðum við úr okkur og skoðuðum útileiksvæðið sem var mjög skemmtilegt og lifandi. Þegar inn kom var okkur aftur boðið upp á kræsingar! Í þetta sinn rúgbrauð og meira álegg! Við skiptumst á gjöfum og hlýjum orðum og héldum síðan af stað í næsta leikskóla sem var í nágrenninu. Ulla gekk með okkur í gegnum skógarþykkni og þegar við vorum komin að gamalli



(600 ára) eik þá kvöddum við hana og á móti okkur kom fínleg kona í hvítum gúmmístígvélum og kynnti sig sem Birgit, leikskólastjóra á Mariehönen.

Skovbørnehave Mariehönen / Virum

Leikskólinn Skovbørnehave Mariehönen var opnaður árið 1998 í gömlum rektorsbústað sem áður tilheyrði kennaraháskóla sem stendur á næstu lóð. Það er mikil samvinna á milli háskólans og leikskólans í hinum ýmsu verkefnum. Það sem vakti sérstaka



athygli okkar voru skemmtilegir skúlptúrar á lóð háskólans sem nemendur höfðu útfært í samvinnu við leikskólann og hannað síðan á lóðinni.

Börnin höfðu síðan frjálsan aðgang að lóð háskólans og þessum frábæru listrænu leiktækjum. Það sem okkur þótti hvað mest spennandi var tónlistarhringurinn. Þar var hljóðfærum (ásláttarhljóðfærum) stillt þannig upp að auðvelt var að skapa eigin tónlist eða í samvinnu við aðra.

Húsið er eins og áður sagði einbýlishús á einni hæð og nýtist ágætlega undir starfsemi leikskólans. Börnin eru tuttugu og tvö á aldrinum 3-6 ára og vinna í tveimur jafnstórum hópum. Þarna starfa tveir leikskólakennarar, einn grunnskólakennari, einn ófaglærður og einn nemi.

Foreldrasamvinna er góð í leikskólanum. Leikskólinn býður ekki upp á mat í heldur koma börnin með nesti að heiman. Hvert foreldri leggur síðan til ávexti í púkk tvisvar í viku fyrir öll börnin.

Dagskipulag:

- Kl: 8:00 Opnar leikskólinn.
- Kl: 9:00 Samvera.
- Kl: 10:00 Farið í skóginn í tveimur hópum.
- Kl: 14:00 Komið heim úr skóginum.
- Kl: 16:00 Leikskólinn lokar.

Mariehönen starfar mjög svipað og Prinsessehöj. Leikskólastjórinn hún Birgit vildi ósköp lítið tjá sig um skólann nema hvað hún vísaði í vinnubrögð Prinsessehöj og

sagði þær vinna á svipaðan hátt með fjölgreindir Howard Gardners. Helsti munurinn á þessum tveimur var að nemendur Mariehönen fara út af lóðinni (í skóginn, við vatnið, o.fl.) á hverjum degi, sama hvernig viðrar.

Niðurlag:



Það var alveg yndislegt að koma að leikskólanum eftir frábæra göngu í gegnum skógarþykkni. Við komum að stórum akri þar sem uxu ávaxtatré og stökk Birgit upp í hvert tréð á fætur öðru og hristi það vel svo ferskum ávöxtum rigndi yfir okkur! Lóð leikskólans var einstaklega skemmtileg, lítil en hönnuð á skemmtilegan og næman hátt af foreldrum, starfsfólki og listamönnum. Þarna var skýli og inn í því voru körfur og kassar full af allskonar efni sem börnin og starfsmenn höfðu dregið í hús á ferðum sínum alla daga vikunnar. Leikskólinn var að vinna að ákveðnu verkefni í lóðinni, starfsmenn og börn vildu gera hana skemmtilegri á aðlaðandi hátt, og var fenginn listamaður í ákveðinn tíma til að hjálpa til við að koma með listræna útfærslu á hugmyndum barnanna og starfsmanna. Þetta virðist algengt í dönskum leikskólum, að ráða tímabundið listafólk til að vinna með eitthvað ákveðið þema. Skemmtileg hugmynd sem við hér í Hafnarfirði ættum að skoða.



Dyreskov Skovbørnehave

Leikskólinn Dyreskov Skovbørnehave var stofnaður 1992 og er í Lyngby, úthverfi Kaupmannahafnar, en hefur starfað í 10 ár á þessum stað. Hann er staðsettur mjög nálægt Jægersborg dyrehave, sem er allstór skógur, og aðliggjandi strönd Eyrarsunds, enda gjarnan nýttur til útivistar.



Barnafjöldinn er 26 börn, 3 – 6 ára, sem deilast á tvær deildir og hlutfallið á hvern starfsmann er 6,5 börn. Það eru þrjú leikskólakennarar starfandi, tveir leiðbeinendur, aðstoðarleikskólastjóri og leikskólastjóri.

Áhugavert þótti okkur að heyra að þegar nýju börnin byrja veru sína í leikskólanum er beðið í 14 daga með að staðsetja þau í hópa. Þannig gefst tækifæri til að sjá hverjum hentar að vera saman félagslega og starfsfólkið kynnist börnunum vel.

Leikskólahúsnæðið er afar vinalegt og heimilislegt, á einni hæð í vel ræktuðum garði. Leikherbergi eru þrjú, fataklefi, tvö salerni, eldhús og skrifstofa. Frá tveimur leikherbergjunum og eldhúsinu er gengt út í garð, sem virkaði heimilislegt og þægilegt. Enginn sérstakur leikvöllur með föstum



leiktækjum er á lóðinni, en gjarnan er farið á grunnskólalóðina (Tronegårdsskolen) við hliðina eða aðra leikvelli í nágrenninu. Aftur á móti státar garðurinn af kanínubúri, hænsnakofa, ávaxtatrjám, eldstæði, leikkofum, matjurtagarði, sandkassa og góðu svæði til að hjóla á og skottast og

skylmast.

Börnin fá hnifa til að tálga og skera niður ávexti í eldhúsinu. Hvert barn á sinn eigin bakpoka sem notaður er í allar ferðir. Haldið er upp á afmæli barnanna með ræðuhöldum um kosti afmælisbarnsins, o.fl. Hópurinn bakar gjarnan saman, eða fer heim til afmælisbarnsins. Einu sinni í viku er dótadagur, en við veittum sérstaklega athygli skemmtilega merktum kössum er innihéldu gögn til að segja sögur á mynd- og leikrænan hátt.

Um helgar og á hátíðum skiptast foreldrar og börn á um að hugsa um dýrin, annars sjá starfsmenn og börnin um þau dags daglega.

Lokað er á milli jóla og nýárs og á páskum. Gjald fyrir hvert barn er tvö þúsund danskar krónur.

Börnin koma með matarpakka (vatnsbrúsi á sumrin en hitabrúsi fyrir te á veturna) í leikskólann, en foreldrar sjá um að koma með ávexti sem deilast milli allra, hjálpa oft til og eru velkomnir með í allar ferðir. Þegar börnin eru heimavið fá þau oftast lífrænt ræktaða mjólk með heimabökuðu brauði. Mikil áhersla er lögð á að borða saman í hópum og eru huggulegheit höfð í fyrirrúmi hvort sem er inni eða úti. Einu sinni í mánuði er sameiginleg máltíð þar sem hvert barn kemur með eitthvað að heiman.

Börnin verða að taka sér þriggja vikna frí, en leikskólinn lokar ekki yfir sumartímann. Eftirtektarvert þótti okkur að sjá sumarfrískassa barnanna, en að fríi loknu útbúa börnin eigin skókassa með alls kyns minjum og munum er minna á sumarfríið. Kassarnir hanga síðan uppi á vegg og segja börnin frá sínu sumarleyfi.



Leikskólinn er sjálfseignarstofnun sem hlýtur styrk frá bænum, en starfar samkvæmt ríkjandi lögum og reglum landsins.

Dagskipulag:

- Kl.: 8:00 Leikskólinn opnar, leikur og notaleg stund í eldhúsinu.
- Kl.: 9:30 Samverustund.
- Kl.: 10:00 Náttúruskoðun, hópur fer og aðrir hópar hefja starf á staðnum.
- Kl.: 11:30 Hádegismatur.
- Kl.: 12:00 Leikur úti og inni.
- Kl.: 14:30 Náttúruskoðunarhópur kemur heim og ávaxta- og brauðstund byrjar.
- Kl.: 15:30 Tiltekt hefst.
- Kl.: 16:00 Leikskólinn lokar.

Foreldrasamstarf:

Foreldrar eru alltaf velkomnir. Sérstakar vinnuhelgar eru tvisvar á ári þar sem foreldrar koma og lagfæra það sem þarf. Boðið er upp á morgunkaffi daglega, svokallað “hyggecaffé”. Foreldrar eru velkomnir með í ferðir og taka þátt í starfi skólans. Öll hjálp þeirra er vel þegin.

Foreldrafundir eru einu sinni á ári, upplýsingafundur fyrir nýja foreldra og tveir vinnudagar á laugardegi. Mjög góð samvinna er við foreldraráðið en það skipa þrír foreldrar og þrír til vara ásamt leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Foreldrar eru valdir til tveggja ára og er aðalfundur alltaf í október ár hvert.

Aðaláhersla leikskólans er:

- Að allt sem börnin læra og upplifa skal vera nytsamlegt og skemmtilegt.
- Tengsl milli barna og fullorðinna byggjast á: **Trausti, vináttutengslum, námi, gagnkvæmri virðingu, gleði, hómor og kurteisni.**

Niðurlag:

Það var mjög vel tekið á móti okkur í leikskólanum og boðið upp á veitingar eftir skoðunarferð um svæðið. Við horfðum á myndband (sem við síðan fjárfestum í) á meðan við snæddum og spurðum svo aðstoðarleikskólastjórann margra spurninga. Í lokin afhentum við leikskólanum bækur, Dimmalimm og bók um Hafnarfjörð í máli og myndum og þökkðuðum hlýjar móttökur.



Brede Børnehave

Leikskólinn Brede børnehave var stofnaður fyrir 100 árum, upphaflega sem hæli eða barnaheimili (“Asyl” og “vuggestue”) fyrir börn ógiftra kvenna í bænum. Þar voru börnin í vistun uns þau urðu 10 ára, þá fóru þau að vinna 6 tíma á dag, á móti skólavist.



Fataverksmiðjan, sem nú er safn, er rétt hjá barnaheimilinu þar sem foreldrarnir unnu og síðar börnin, þegar réttum aldri var náð.



Leikskólinn er einkarekinn en fær styrk frá bænum. Börnin búa í næsta nágrenni skólans. Unnið er árstíðarþema með Waldorf-hugmyndafræði að leiðarljósi (greinileg ummerki mátti finna um allt hús). Leikskólinn vinnur einnig markvisst með fjölgreindir

Howards Gardners. Leikskólinn reynir að draga fram það besta í hverju barni, láta hæfileika þess njóta sín.

Húsið er afskaplega fallegt og virðulegt. Innandyra eru málaðar myndir á veggina sem gerðar voru stuttu eftir byggingu hússins. Það er á tveimur hæðum og allir krókar og kimar eru vel nýttir. Leikskólinn er opinn frá kl. 7:00 til 17:00 en 16:00 á



föstudögum. Það eru fjórar deildir í leikskólanum og 52 börn á aldrinum 3 til 6 ára. Starfsmenn eru 14. Einn leikskólakennari er með hvern hóp, 10–11 börn, og einn leiðbeinandi eða nemi. Skógarhópur (elstu börnin), er með tvo leikskólakennara og 10 börn. Á efri hæð hússins er Skógarhópur með aðsetur. Þar er mikið um hluti tengdir náttúrunni. Sérstakur skenkur er fyrir

börnin þar sem hvert og eitt þeirra á merkta skúffu þar sem geymdir eru ýmsir persónulegir hlutir. Enginn má fara í þessar skúffur nema eigandinn. Yngstu börnin sofa líka á efri hæðinni þar sem sama manneskjan tekur alltaf á móti þeim. Starfsmannaherbergi og skrifstofa eru líka á efri hæðinni. Á neðri hæð hússins er verkstæði, bókasafn og rauð og blá hópa- og leikstofa.

Börnin fá ekki morgunmat en er boðið upp á hressingu um miðjan morgun. Einu sinni í viku er eldað, annars koma þau með nesti að heiman. Foreldrar skaffa ávexti. Allir safnast saman kl. 9:00, í 20–30 mínútna samveru. Þá er sungið eða ævintýri sögð. Hópastarf er frá kl. 9:30 fram yfir hádegi en eftir matarhlé eru allir í frjálsum leik. Börnin geta sjálf ráðið því hvort þau fara út en verða þó alltaf að biðja um leyfi. Einn starfsmaður er þá á útisvæðinu. Tveir hópar eru svo á bókasafni, tveir í leikstofu og einn hópur á verkstæði. Í hverjum hóp eru 10–14 börn ásamt einum leikskólakennara og einum leiðbeinanda.

Á sumrin borða börnin úti en ef rignir færa þau sig og sitja við borð sem er með trépaki yfir. Garðurinn státar af útileikhúsi og mörgum fallegum styttum úr tré, eftir ýmsa listamenn. Elstu börnin fara í skólabúðir í september, frá mánudegi til föstudags, þar sem þau njóta þess að vera saman og upplifa ýmislegt skemmtilegt. Þau verða sjálfstæðari við þessa upplifun og oft á tíðum er þetta í fyrsta skipti sem þau fara að heiman.



Dagskipulag:

- Kl.: 7:00 - 9:00 Leikur í leikstofunni, verkstæðinu og á bókasafninu.
- Kl.: 9:00 - 9:30 Samvera fyrir alla, börn og starfsfólk. Sama sagan sögð alla vikuna, rím, söngur og fingraleikir.
- Kl.: 9:30 Hrökkbrauð og vatn. Börn fara í sína hópa.
- Kl.: 9:30 -11:30 Verkefnavinna og leikur.

- Kl.: 11:30 -11:45 Samvera (söngur).
- Kl.: 11:45 -13:00 Hádegismatur, saga og þar á eftir fara sumir að sofa og aðrir að leika.
- Kl.: 13:00 - 15:00 Leikur úti í garðinum.
- Kl.: 15:00 Ávextir og brauð. (Börnin hafa eina klst. til að ákveða sjálf á þessum tíma hvenær þau vilja borða).
- Kl.: 15:30 - 17:00 Leikur úti eða inni, allt eftir árstíðum.

Foreldrasamvinna er mikil og góð. Einu sinni á ári er vinnudagur með foreldrum. Sérstakur ömmu- og afadagur er haldinn einu sinni ári þar sem börnin bjóða afa og ömmu í kaffi. Staðgenglum ömmu og afa er boðið fyrir þau börn sem eiga jafnvel ekki ömmu og afa.

Leikskólinn lokar ekki á sumrin en lokað er milli jóla og nýárs.

Þegar barn á afmæli er flaggað, kveikt á kerti, sungið og síðan boðið upp á ávexti eða eitthvað annað hollt sem börnin velja sjálf.

Niðurlag

Það var mjög gaman að skoða þennan gamla leikskóla. Þrátt fyrir að ekki hafi



verið gerðar viðeigandi ráðstafanir vegna veikinda forstöðukonunnar var afskaplega vel tekið á móti okkur. Stúlkan (sem dvalið hafði á Íslandi) leiddi okkur um allt á afskaplega afslappaðan máta. Við upplifðum mjög hversu börnin eru frjáls, þau mega fara frjáls út en með leyfi og umsjón

fullorðins aðila. Leikskólinn virkar dálítið eins og barnmargt heimili, með fallegum og ræktarlegum garði, listaverkum og skemmtilegri leikaðstöðu.

Að lokum tók leikskólakennari að sér að gefa okkur kaffi og svara fleiri spurningum og fræða okkur enn frekar. Ekki reyndum við neitt að teygja loppann of lengi, allir þreyttir eftir langan dag og ferðir, svo við afhentum henni gjafirnar góðu með nokkrum vel völdum orðum Dínu á dönsku, og héldum af stað heimleiðis. Þá mættum við aðstoðarleikskólastjóranum sem var að koma með Skógarhópin til baka, þökkum pent fyrir okkur, björguðum stelpuskotti úr ánauð í garðhýsi og héldum heim.

Lokaorð

Danmerkurferðin var í alla staði frábær. Skemmtileg, fræðandi, vel skipulögð og gefandi. Fyrir utan fræðsluhlutverkið þá styrkti ferðin vinasambandið á milli vinnufélaganna og efldi skilning okkar á hver annarri.

Það sem við upplifðum mjög sterkt í þeim leikskólum sem við heimsóttum var hversu rólegt og notalegt andrúmsloftið var almennt í leikskólunum. Þetta er búið að skapa miklar umræður og vangaveltur hér í leikskólanum og þá helst hvað getum við gert til að skapa þetta andrúmsloft á okkar forsendum. Auðvitað er rólegra í dönskum leikskólum þar sem það eru færri börn á hvern starfsmann og vinnutími foreldra og starfsmanna er styttri. Til viðbótar skýrir það að hluta að við heimsóttum leikskóla sem eru minni í sniðum á okkar mælikvarða eða með um 50 nemendur eða færri. En þrátt fyrir þennan mun teljum við að hægt verði að ná þessu andrúmslofti með ákveðnum breytingum í umhverfi okkar, eins og t.d. með því að loka á milli rýma, dreifa barnahópunum betur um húsið, njóta vel þegar litlir barnahópar eru inni á deild og vera með hluta af börnunum inni á aðalútivistartímanum eftir hádegi.

Einnig tókum við eftir almennt góðu sambandi foreldra við leikskólana og að þeir gáfu sér tíma í spjall og viðveru þegar þeir komu með eða sóttu börnin. Við viljum styrkja enn frekar tengsl okkar við okkar frábæru foreldra og fá þá meira inn á deildirnar, t.d. með því að bjóða þeim að setjast niður og fá sér brauð með börnunum þegar þeir koma í miðri nónhressingu. Við vorum mjög hrifin af því að foreldrum var boðið upp á kaffisopa snemma morguns eða seinni part dags. Við erum í dag með heitt á könnunni einn dag í viku (morgun/kvöld) og hafa foreldrar tekið þessari nýbreytni vel og er oft glatt á hjalla í morgunsárið eða síðla dags og skrafað með kaffi í hönd.

Við fengum ekki síst góðar hugmyndir af vinnu leikskólanna úti í náttúrunni með börnunum. Það var margt mjög svipað og við erum að vinna með í okkar náttúruskoðun (einu sinni í viku fyrir öll börn). Helsti munurinn er sá að flestir leikskólarnir sem við heimsóttum fara í náttúruskoðun 4-6 tíma á dag allt að

fjórum sinnum í viku og sumir alla daga vikunnar. Við erum ekki enn tilbúin í það en að sjálfsögðu verður það í skoðun.

Það var margt sem við sáum sem vakti áhuga okkar og þá sérstaklega góðar hugmyndir í myndlist, sögugerð, breytingar á umhverfinu og margt fleira sem við komum til með að vinna úr í nánustu framtíð.

Fyrir hönd starfsmanna í leikskólanum Norðurbergi

Anna Borg Harðardóttir

leikskólastjóri